

From: Tinna Rós Steinsdóttir
Sent: þriðjudagur, 4. júlí 2023
Subject: Þátttaka barna á Farsældarþingi

Kæru fulltrúar sveitarfélaga,
Vinsamlegast komið þessum tölvupósti í réttan farveg.

Eins og þið þekkið eflaust mörg verður farsældarþing haldið mánudaginn 4. september frá kl. 8.30-16 á Hilton Reykjavík Nordica. Á farsældarþingi eiga fagfólk, þjónustuveitendur, stjórnvöld, **börn** og aðstandendur víðtækt samtal um farsæld barna og er þingið mikilvægur liður í stefnumótun og áætlanagerð þegar kemur að innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Mikil áhersla er lögð á þýðingarmikla þátttöku barna á þinginu og tekin hafa verið frá 50 sæti fyrir börn á aldrinum 12-17 ára. Sveitarfélögum gefst fyrst kostur á að tilnefna börn í þau sæti. Hvert sveitarfélag getur sótt um 2-4 sæti og býður ráðuneytið upp á ferðastyrk fyrir þau börn sem koma utan höfuðborgarsvæðisins ef óskað er eftir því. Sérstaklega er hvatt til þess að meðlimum úr ungmennaráðum sveitarfélaganna verði boðin þátttaka, en að í öllu falli verði hugað að fjölbreytileika sendinefndarinnar til að tryggja raddir ólíkra hópa barna á þinginu.

Ábyrgð sveitarfélaga er eftirfarandi:

- Tryggja þátttöku barna í undirbúningsvinnu fyrir þingið (sem verður leidd af mennta- og barnamálaráðuneytinu. Áætlað er að boðið verði upp á tvo netfundi fyrir þing en nánari upplýsingar berast þegar nær dregur þingi).
- Fylgja börnum á þingið ef þörf er á (á sérstaklega við um sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins).
- Veita börnunum stuðning í aðdraganda þingsins og á því.

Dagskrá þingsins liggur enn ekki fyrir, en því verður skipt upp þannig að flutt verða erindi fyrir hádegi og umræðuhópar eftir hádegi. Þátttaka barna á þinginu er algjörlega valfrjáls og býðst þeim að taka þátt í hluta dagskrár ef þau óska eftir því – jafnframt hafa þau ávallt val um að yfirgefa salinn þegar þau vilja. Sérstakt svæði verður í boði einungis fyrir börn þar sem þau geta verið örugg og í næði ef þau þarfnast þess á einhverjum tímamarki þingsins.

Skráning fyrir sveitarfélög sem hafa áhuga og tök á að senda börn á þingið er nú opin, **þar til í lok dags mánudaginn 24. júlí.**

Þegar skráningu lýkur mun mennta- og barnamálaráðuneytið hafa samband við tengiliði hvers skráðs sveitarfélags til að staðfesta fjölda barna ásamt nánari upplýsingum. Athugið að ekki er þörf á að vita eða skrá nöfn barnanna sem mæta á þingið fyrr en um það leyti.

Með von um góðar undirtektir!

Tinna Rós



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Tinna Rós Steinsdóttir,
sérfræðingur / Senior Adviser
Mennta- og barnamálaráðuneyti /
Ministry of Education and Children
Sölvhólsgrötu 4, 101 Reykjavík,
Iceland
(+354) 545 9500
<https://www.mrn.is> -
[Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing